



Minnisblað

Dagsetning: 15. Nóvember 2019

Höfundur: Hjörný Snorradóttir verkefnastjóri á skrifstofu LH

Viðtakandi: Stjórn LH

Efni: Valnefnd LH.

Valnefnd LH

Valnefnd 2019 var skipuð í apríl/maí af tveimur úr stjórn LH, valnefnd bætti þriðja aðila við í nefndina úr hópi fjölmiðlamanna í hestamennsku. Einnig var leitað til aðila innan kynbótageirans til þess að sinna þeim hluta.

Valnefnd kynnti lista yfir tilnefnda á stjórnarfundum 4. október 2019,

“ Valnefnd kynnti tilnefningar til knapaverðlauna og rökstuddu það val fyrir stjórn. Stjórn treystir valnefnd til að að klára valið. Einnig var rætt um hverjum ætti að veita heiðurs- verðlaun nokkur nöfn komu upp en engin ákvörðun tekin. Stjórn og valnefnd munu koma með hugmyndir á næstu dögum og bera undir stjórn. “

Valnefnd sendi fullunninn lista á skrifstofu til að birta á netinu 22. október þá var ekki alveg ljóst enn hverjir hreptu titla í ákveðnum flokkum og vinnan innan valnefndar hélt því áfram. Listi með öllum titilhöfum kom í hús 24. október og þá var hægt að klára áletranir á verðlaun.

Mjög stuttu eftir að tilnefningar voru birtar komu fyrirspurnir á skrifstofu vegna valsins sem vísað var til valnefndar til að svara. Fyrsta fyrirspurn kom vegna efnilegasta knapa ársins og var þeirri fyrirspurn svarað af valnefnd en send frá skrifstofu fyrir hönd valnefndar.

Einnig komu inn fyrirspurnir um val á keppnishestabúi og hvort tilnefndir sem gæðingaknapi ársins yrði að vera íslenskur ríkisborgari. Þessum fyrirspurnum var svarað með því að vísa í greinargerð valnefndar á netinu. Hún var ekki komin á netið þegar fyrirspurnirnar komu en nýjasta útgáfa greinargerðarinnar var svo birt 29. október 2019.

Venja hefur skapast um að útbúa myndbönd með tilnefndum sem sýnd eru á Uppskeruhátíð, valnefnd sendi lista yfir tilnefnda á klippara (Óskar Nikulásson) til að vinna eftir.

Skrifstofa aðstoðaði klippara eftir fremsta megni til að afla myndefnis. t.d. í gengum landsmóts-myndefnið sem hýst er á Worldfeng. Það myndefni var þó helst vegna myndbands með efstu kynbótahrossum ársins og Torfunesbúinu sem FHB heiðraði á Uppskeruhátíðinni. Lítið er til af myndefni þegar ekki er landsmótsár en klipparinn átti mikið efni af þeim sem kepptu á heimsmeistaramóti. Klippari skilaði myndefninu í hendur skrifstofu um kl.16:30 á bílastæðinu á Bessa-stöðum þar sem landsliðið var stutt ásamt starfsmönnum skrifstofu í boði forsetans. Seinkun á myndefninu var helst vegna vöntunar á myndefni fyrir heiðursverðlaun Félags hrossabænda og efstu kynbótahrossa. Starfsmenn skrifstofu fóru með efnið á Hótel sögu og hittu þar tæknimann. Tækniástaða á Sögu var töluvert síðri en á Gullhömrum og tók það nokkurn tíma að fá allt til að



virka og myndböndin þung í vinnslu þar sem þau voru mjög stór og á mxr formati. Tæknimaður lagði til að efnið yrði sett á Mp4 format og sem betur fer var klipparinn í salnum og gat boðist til að yfir færa myndefnið á Mp4 en hann þurfti þá að fá skutl upp á RÚV. Starfsmaður skrifstofu sem sat við innganginn og vísaði gestum til borðs, stökk til og keyrði klipparann í þetta verkefni. Ferðin tók í heild um 30mín og var myndefnið komið í hús um 10 mínútum áður en það átti að fara í loftið sem gerði það að verkum að ekki var hægt að prófa myndböndin áður og yfirfara hvort allt væri rétt merkt og svo framvegis. Það var aðeins hökt á myndefninu í sýningu en það var útskýrt með því að snúran hafi ekki verið í nægum gæðum og það er hlutur hótél Sögu að hafa í lagi. Þegar kom að því að kynna tilnefnda í knapa ársins kom myndbandið þar sem knapi ársins var kynntur en merkingar á þeim myndböndum hafði víxlast því miður. Þetta hefði verið hægt að koma í veg fyrir ef það hefði gefist tími til að prófa öll myndböndin.

Erum við ánægð með hvernig ferlið er eða þarf að endurskoða það enn frekar?

Hugmyndir til að bæta ferlið:

- Samklippt myndefni þarf að koma á skrifstofu mun fyrr þannig að hægt sé að fara vel yfir öll tæknimál og fara yfir að allt sé rétt merkt.
- Valnefnd skili af sér tillögum 1. október til stjórnar, og í framhaldi til skrifstofu og klippara myndefnis.
- Tilnefningar kynntar á vefsíðu LH 10-15. október, með myndböndum og rökstuðningi fyrir vali og vísað í reglugerð valnefndar til að tryggja gagnsæi í störfum nefndarinnar
- Tryggja þarf myndefni frá t.d. Íslandsmótum til að nýta í þessi myndbönd. Erfitt er að fá myndefni af gæðingamótum.

Hugleiðingar um breytingar á greinargerð:

- Á knapi ársins að vera sá sem við kynnum sem íþróttamann ársins hjá ÍSí eða á það að vera sá sem hreppir tiltilinn íþróttaknapi ársins?
- Er ástæða til að útnefna íþróttakar/arl ársins til að geta sent bæði kynin á hóf ÍSí þar sem íþróttafólk ársins er heiðrað.
- Þarf gæðingaknapi og kynbótaknapi ársins að vera íslenskur ríkisborgari þar sem hesturinn er að keppa eða er sýndur?
- Þarf greinargerðin að vera skýrari með eftir hverju er farið við valið t.d. á efnilegasta knapa og eða keppnishestabúi ársins?



Sjá greinargerð:

1.gr.

Nefndin skal þannig skipuð: Stjórn LH skipar þriggja manna valnefnd ár hvert. Formaður nefndarinnar kemur úr stjórn LH. Skrifstofa aðstoðar nefndina eftir því sem hún óskar með söfnun gagna um keppnisárangur knapa, ræktunar og keppnisbúa sem og agamál.

2.gr.

Nefndin er á ábyrgð stjórnar LH og skal skipa hana til eins árs í senn, ekki síðar en í apr/maí ár hvert. Skilar hún af sér tillögu að vali á knöpum ársins til stjórnar LH eigi síðar en fjórum vikum fyrir Uppskeruhátíð hestamanna hverju sinni. Fundargerðir og skýrslur nefndarinnar skulu varðveittar á skrifstofu LH. Nefndin er bundin af ákvörðun stjórnar um hve marga knapa skuli tilnefna og heiðra hverju sinni.

3.gr.

Valdir skulu: íþróttaknapi ársins, skeiðknapi ársins, gæðingaknapi ársins, kynbótaknapi ársins, efnilegasti knapi ársins, og knapi ársins. Tilnefndir skulu fimm knapar í hverjum flokki. Þá eru, þegar tilefni þykir til, veitt sérstök heiðursverðlaun. Þau eru veitt eldri hestamanni/konu fyrir framlag sitt til hestamennsku í sinni víðustu mynd. Valnefnd getur sent inn til stjórnar LH nöfn unglinga eða ungmenna sem hafa staðið sig frábærlega á árinu en eru búnir að hljóta bikarinn efnilegasti knapinn. Þessir einstaklingar eru verðlaunaðir sér.

4.gr.

Við val á knöpum ársins skal tekið tillit til árangurs á árinu: Ástundunar, þróðmennsku og íþróttamannlegrar framkomu innan vallar sem utan, og reglusemi. Knapi ársins í hverjum flokki er valinn sá sem talinn er hafa náð framúrskarandi árangri á sviði reiðmennsku og frammistaða hans sé álitin hestaíþróttinni til framdráttar, hvort sem um er að ræða eitt afgerandi afrek, eða frábæran árangur í mörgum greinum á mörgum mótum. Efnilegasti knapinn skal valinn úr ungmennaflokki, en sé það ekki nokkur kostur að tilnefna ungmenni skal litið til unglingsflokks. Sérstaklega skal höfð að leiðarljósi fyrirmynd fyrir unga reiðmenn í einu og öllu. Knapi getur aðeins hlotið þennan titil einu sinni. Knapi ársins hverju sinni er valin úr þeim hópi allra knapa sem eru tilnefndir hverju sinni.

5.gr.

Við val þeirra sem viðurkenningar hljóta skal gaumgæfa árangur jafnt hér heima sem erlendis (WR mót og stórmót). Nefndin þarf að rökstyðja hverja tilnefningu. Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um allt sem rætt er innan nefndarinnar og starfar hún fyrir stjórn LH eingöngu. Hún er kölluð saman af formanni eins oft og þurfa þykir. Nefndin skal koma með tillögur að kynningu knapavals til stjórnar, svo og ef, henni þykir þörf á breytingum varðandi vinnulag nefndarinnar.



6.gr.

Sú ræktun sem skilar bestum árangri í keppni á vegum LH og FEIF hlýtur titilinn Ræktun keppnishrossa, þ.e. fyrir frábæran árangur hrossa í keppni, árangurs sem eftir er tekið. Til verðlaunanna skulu telja allar þær keppnisgreinar sem keppt er í undir merkjum LH og FEIF. Litið skal til árangurs nýliðins keppnistímabils hér heima og erlendis.